



SKOÐUN Sigmundur Guðbjarnason skrifar um meðferð við Alzheimer. **15**



MENNING Melodía skoraði hátt í Bela Bartók-keppninni í Ungverjalandi. **20**



LÍFÍÐ Jóhann Schram Reed gerir það gott Bandaríkjunum. **30**



SPORT Bikarsaga KR-ínga varð enn glæsilegri í Laugardalnum um helgina. **24**

LANDMARK

FASTEIGNASALA

Sími 512 4900 landmark.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

18. ágúst 2014
192. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Vantraust á ráðherra

Píratar hyggjast leggja fram vantrauststillögu gegn innanríkisráðherra í haust. Fulltrúar allra flokka segja þingflokka eiga eftir að taka afstöðu til málsins. **2**

Nýtt skip Fólk hópaðist á Miðbakka til þess að skoða Lagarfoss við komuna til landsins í gær. **2**

Í kappi við tímann Fornleifauppgröftur á Gufuskálum hefur staðið yfir undanfarin fimm ár og fer fram í kappi við tímann. **8**

Vilja yngri nemendur MR vill fá samþykki menntamálaráðherra fyrir því að taka inn nemendur úr nýunda bekk grunnskólans. **10**

Fórnarlömbum nauðgana vísað frá vegna læknaskorts

Læknar á neyðarmóttöku fyrir þolendur kynferðisofbeldis vinna einungis á bakvöktum. Sama kerfi hefur verið við lýði á deildinni frá stofnun árið 1993. Fórnarlömb hafa þurft að koma aftur síðar til að klára rannsókn.

HEILBRIGÐISMÁL Dæmi eru um að fórnarlömb kynferðisofbeldis sem leita til neyðarmóttöku í Fossvogi séu beðin um að koma aftur síðar og klára rannsókn því enginn læknir er til staðar á deildinni.

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að lögreglan á Selfossi hafi keyrt fórnarlömb nauðgunar á neyðarmóttöku til rannsóknar en vegna læknaskorts hafi verið farið með fórnarlömb aftur til baka. Ekki hafi þótt tækt að biða svo klukkustundum skipti eftir lækni á neyðarmóttöku. Réttarrannsókn var í kjölfarið gerð á Heilbrigðisstofnun Suðurlands.

Gunnhildur Pétursdóttir, sem

sinnir réttargæslu fyrir fórnarlömb kynferðisofbeldis, segir að í undantekningartilfellum geti skapast alvarlegar aðstæður. „Þetta er alls ekki nógu gott. Ótrúlegt en satt þá hefur þetta reddast og það er ekki mjög algengt að þessi staða komi upp.“

Hún segir að æskilegra væri að læknir væri til staðar allan sólarhringinn til að taka á móti fórnarlömbum. „Í fyrsta lagi getur verið að sýni fari forgörðum ef þau eru ekki tekin strax. Þetta getur líka haft þannig áhrif að fórnarlömbin hætta við og veigra sér við að koma aftur til að klára rannsókn. Ég var með skjólstaðing sem fór á

neyðarmóttöku um morguninn og var beðinn um að koma aftur síðar. Hún var orðin örþreytt. Þetta er rosalegt álag á brotþola.“

Eyrún Jónsdóttir, hjúkrunarfræðingur og verkefnastjóri neyðarmóttöku, segir að ástæðuna megi rekja til þess að deildin sé einungis með lækna á bakvakt. „Þeir starfa ekki innan spítalans heldur á sínum stofum úti í bæ. Þeir eru með fullbókada dagskrá hjá sér alla daga því það er ekki vitað hvenær svona mál koma inn.“ Hún segir að oftast leiti fórnarlömb til neyðarmóttöku um helgar eða á nóttunni.

„Það eru alltaf undantekning-



Pað eru alltaf undantekningar og það er alltaf dapurt. Það er erfitt fyrir þolendur.

Eyrún Jónsdóttir, verkefnastjóri neyðarmóttöku

ar og það er alltaf dapurt. Það er erfitt fyrir þolendur en það vita allir sem koma að þessu, eins og lögreglan, hvernig þetta er,“ segir Eyrún.

snaeros@frettabladid.is



Bolungarvík	11°	NA	3
Akureyri	11°	NNV	4
Egilsstaðir	11°	NV	4
Kirkjubæjarkl.	14°	NA	3
Reykjavík	13°	NV	3

Hlýnar Í dag verður að mestu hægr vindur en kaldur allra syðst. Skýjað með köflum í fyrstu V-til og skýjað NA-lands með lítils háttar vætu á stöku stað. **4**

2 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Fólk



LÍFSBARÁTTAN Æðarkolla gerði atlögu að kríuunga í Kollafirði á dögnum og reyndi að drekkja honum. „Hún var alveg snar,“ segir Elma Rún Benediktisdóttir sem náði atvikinu á mynd. Atvik sem þetta eru fátíð.

MYND/ NELMA RÚN BENEDIKTSDÓTTIR

Íslenskur bjór nýtur vinsælda:

Tvöfalt meira áfengi flutt út

VIÐSKIPTI Rúmlega 764 tonn voru flutt út af áfengi á fyrstu sex mánuðum ársins sem er ríflega tvöfalt meira en á fyrri helming ársins 2012. Verðmæti útflutningsins jókst úr 74 milljónum króna í 161 milljón miðað við árið 2012.

Óli Rúnar Jónsson, útflutningsstjóri Ölgerðarinnar, segir eftirspurn eftir íslenskum bjór vera vaxandi. Fyrirtækið hafi áður nánast eingöngu selt brennivín til Færeyja en að nýir markaðir séu nú að opnast.

hg/sjá síðu 6



Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka

OPÍÐ 24 TÍMA

Iceland

Vísindamenn fylgjast náið með jarðhræringum í Bárðarbungu í Vatnajökli:

Landsvirkjun eykur vöktun

NÁTTÚRUHAMFARIR Vegna skjálftavirkni í Bárðarbungu síðustu sólarhringa hefur Landsvirkjun aukið vöktun með innrennsli í miðlunarlón á miðhálandinu. Gos undir Vatnajökli getur leitt til flóða í ám sem renna frá honum. Landsvirkjun telur ekki líklegt að gos norðan eða austan við Bárðarbungu geti skapað hamfarafloð á vatnasviði fyrirtækisins.

Lón, stíflur og virkjanir Landsvirkjunar á Þjórsár- og Tungnaárvæðinu geta mögulega dregið úr neikvæðum áhrifum flóðs á því svæði ef af verður. Almennavarnir á Húsavík ákváðu, í gær, að loka vegum norðan Vatnajökuls af átta við eldgos í Bárðarbungu.

„Við teljum okkur hafa ágæta yfirsýn yfir hversu margir eru í skálum á svæðinu en teljum nauðsynlegt að takmarka umferð inn á svæðið næstu daga,“ segir Svavar Pálsson, sýslumaður á Húsavík. Á annað þúsund skjálftar höfðu mælst í og við Bárðarbungu frá því um miðnætti aðfaranótt laugardags og þangað til blaðið fór í prentun. Skjálftarnir voru flestir litlir, sá stærsti var upp á 3,5.

Vísindamenn flugu upp á jökulinn í gær og settu upp fleiri jarðskjálftamæla, fylgst er með svæðinu í gegnum vefmyndavél og náið er fylgst með rennsli í Jökulsá á Fjöllum.

Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Icelandair, segist ekki



Okkar menn eru í sambandi við vísindasamfélagið og fylgjast grannt með stöðu mála.

Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Icelandair.

vita til þess að erlend flugfélög hafi spurt um yfirvofandi hættu á eldgos í Vatnajökli.

Hann segir vísindasamfélagið fylgjast grannt með stöðu mála.

-jme / sjá síðu 4

MATARMYNDALEIKUR GOTT Í MATINN

GOTT Í MATINN

SPURNING DAGSINS



Krista, klikkuðu Kleinurnar nokkuð?

„Neinei, Kleinurnar klikkuðu klárlega ekki og voru alveg klikkaðslega góðar.“

Krista Hall bauð ásamt vinkonum sínum upp á íslenskar Kleinur í nýstárlegum og skemmtilegum búningi á Vitatorgi um helgina.

Sjö voru handteknir og einn er í lífshættu eftir að lögregla framfylgdi útgöngubanni í Ferguson:

Útgöngubann talið geta gert illt verra

BANDARÍKIN, AP Lögregla beitti tárágasi og reyksprengjum á hóp mótmælenda og handtók sjö í Ferguson í Missouri í gærmorgun en aðfaranótt sunnudags var fyrsta nóttin sem útgöngubann gildi í bænum. Einn maður var skotinn í átökunum og er hann í lífshættu.

Mikil reiði ríkir í Ferguson eftir að lögreglumaður skaut táninginn Michael Brown til bana fyrir ríflega viku en Brown er svartur á

hörund. Mótmæli, óeirðir og gripdeildir úr verslunum hafa verið daglegt brauð í Ferguson síðan þá. Svartir íbúar svæðisins segjast hafa fengið sig fullsadda af framkomu lögreglu í þeirra garð.

Jay Nixon, ríkisstjóri í Missouri, lýsti yfir útgöngubanninu sem tók gildi á miðnætti á laugardag. Nixon sagði í gær að ekki væri hægt að setta sig við rán þrátt fyrir að stór hluti mótmælenda hegðaði sér friðsamlega. Nixon

sagði einnig að andlát Browns yrði rannsakað ítarlega.

Útgöngubannið hefur verið gagnrýnt og sagt að það gæti aukið spennuna í bænum sem sé nóg fyrir.

Á föstudag sögðu lögreglufyrirvöld að lögreglumaðurinn Darren Wilson hefði skotið Brown til bana en hann var óvopnaður. Mótmælendur eru ósáttir við að lögregla sagði ekki strax frá nafni lögreglumannsins.



TEKIST Á Lögregla beitti tárágasi gegn mannfjöldanum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



SKOÐA SKIPIÐ Um fimm hundruð manns mættu niður á Reykjavíkurböfn til að skoða Lagarfosss síðdegis í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Lagarfosss kom til hafnar eftir mánaðarsiglingu frá Kína:

Fjöldi kom til að skoða Lagarfosss

SAMGÖNGUR Fjöldi fólks mætti til að skoða flutningaskipið Lagarfosss í Reykjavíkurböfn í gær. Fólki var hleypt inn í hollum en skipið kom til hafnar í gær eftir rúmlega mánaðarsiglingu frá Kína. „Fólk var mjög ánægt með skipið,“ segir Ólafur William Hand, upplýsingafulltrúi Eimskips. „Þetta er alveg sérstakt fyrirbrigði að Íslendingum finnist alltaf gaman að skoða ný skip,“ segir hann.

Lagarfosss mun leysa flutningaskipið Selfoss af hólmi og sinna ferskflutningum milli Vestmannaeyja, Immingham á Bretlandseyjum og Þýskalands. -ih

Stálu blóðugum rúmfatnaði: Óttast frekari útbreiðslu ebólu

LÍBERÍA, AP Fjöldi íbúa í stærsta fátækrahverfi Monróvíu, höfuðborgar Líberíu, réðst inn í heilsugæslustöð á laugardagskvöld þar sem fjöldi einstaklinga sem grunadur eru um að vera smitaðir af ebólu hafa verið í einangrun.

Yfirvöld í Líberíu óttast nú frekari útbreiðslu ebólu eftir að íbúarnir höfðu á brott með sér blóðug lök og dýnur auk þess sem fjöldi sjúklinga flúði af vettvangi. Íbúarnir eru reiðir út í yfirvöld vegna þess að þau fluttu sjúklinga úr öðrum borgarhlutum Monróvíu á heilsugæslustöðina. -ih

Lögregla aðstoðaði stúlku: Vaknaði læst inni í strætó

LÖGREGLUMÁL Áhyggjufullur faðir hringdi í lögreglu eftir miðnætti á laugardagskvöld vegna þess að dóttir hans hafði farið í strætó við Hlemm en sofnað í vagninum.

Í dagbók lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu kemur fram að vagnstjórinn virðist ekki hafa tekið eftir stúlkunni því að þegar hún vaknaði klukkan rúmlega eitt var hún læst inni í vagninum. Stúlkunni varð ekki alvarlega meint af strætóferðinni eftir því sem næst verður komist. -ih

Þingflokkar munu funda um vantraust

Píratar hyggjast leggja fram vantrauststillögu gegn Hönnu Birnu þegar þing kemur saman í haust. Fulltrúar allra flokka segja þingflokka eiga eftir að funda og taka afstöðu til málsins. Bjarni Benediktsson segir Hönnu Birnu hafa brugðist rétt við.

STJÓRNMÁL Þingflokkur Pírata hyggst leggja fram vantrauststillögu gegn Hönnu Birnu Kristjánsdóttur sem innanríkisráðherra þegar Alþingi kemur saman í haust. Þingmenn allra flokka sem rætt var við í gær segja þingflokka sína eiga eftir að funda til að taka afstöðu til vantrauststillögunnar.

Sigrún Magnúsdóttir, þingflokksformaður Framsóknarflokksins, telur of mikið gert úr málinu. „Það er ekki mikið að í íslensku samfélagi ef þetta heldur okkur uppteknum í fjóra mánuði. Það er algjör steypa að þetta sé fyrsta frétt viku eftir viku.“ Sigrún segist virða ákvörðun Hönnu Birnu um að óska eftir því að stíga til hliðar sem ráðherra dómsmála.

Sigrún tekur þó undir að alvarlegt sé að búið sé að ákæra aðstoðarmann Hönnu Birnu. „Auðvitað ber sérhver yfirmaður ábyrgð á sínum undirmönnum. Enda er búið að víkja Gísla Frey úr sæti og hún ætlar ekki að koma nálægt dómsmálum, en mér finnst blóðhundrað ríra vilja meira blóð,“ segir hún. Afstaða þingflokks Framsóknarflokksins til vantrauststillögunnar mun skýrast betur eftir að þingflokkurinn fundar á þriðjudag að sögn Sigrúnar.

Þingflokkur Sjálfstæðisflokksins mun einnig funda á þriðjudaginn og þá mun vantrauststilaga Pírata gegn Hönnu Birnu verða rædd, segir Ragnheiður Ríkharðsdóttir, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins. Að öðru leyti vill Ragnheiður ekki tjá sig um málið.

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, sagði í útvarpsþættinum Sprengisandi á



VILL VÍKJA Formenn Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins segjast eiga eftir að taka afstöðu til óskar Hönnu Birnu um að víkja sem ráðherra dómsmála. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Bylgjunni í gær að Hanna Birna hefði „brugðist samstundis við með ábyrgum hætti“ með því að óska eftir því að hætta sem ráðherra dómsmála. „Það er ekkert fram komið í þessu máli sem dragur fram einhvern ásetning af ráðherrans hálfu eða vitneskju um þetta lekamál,“ sagði Bjarni.

Aðspurður hvort Hanna Birna nyti enn trausts sagði Bjarni: „Ráðherra sem situr í ríkisstjórninni nýtur trausts.“ Bjarni bætti við að hann og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra ættu eftir að ræða saman áður en þeir tækju afstöðu til óskar Hönnu Birnu um að segja sig frá dómsmálum.

„Mér finnst Hanna Birna ekki hafa náð að gert hreint fyrir



„Mér finnst blóðhundarnir vilja meira blóð.“

Sigrún Magnúsdóttir, þingflokksformaður Framsóknarflokksins

sínum dyrum og það er enn stórum spurningum ósvarað,“ segir Guðmundur Steingrímsson, formaður Bjartrar framtíðar. Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, segir: „Það hefði verið hyggilegast fyrir Hönnu Birnu að stíga til hliðar fyrir í þessu ferli.“

ingvar@frettabladid.is

Sautján erlend flugfélög buðu upp á áætlunarferðir til Íslands í júlímánuði: Icelandair heldur stöðu sinni

SAMGÖNGUR Sautján erlend flugfélög buðu upp á áætlunarferðir frá Keflavík í júlímánuði en þau voru aðeins níu á sama tímabili árið 2011. Júlí er jafnan annasamasti mánuður ársins á flugvellinum.

Þrátt fyrir þessa aukningu erlendra flugfélaga hefur Icelandair náð að halda sinni stöðu, en félagið flutti um 355 þúsund farþega í síðasta mánuði, eða 64 prósent allra farþega í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Í sama mánuði árið 2011 var hlutdeild félagsins 62 prósent. Þetta kemur fram á túristi.is.

Þó svo að engar opinberar tölur séu til um hvernig hópurinn skiptist niður á flugfélögin hefur Icelandair birt mánaðarlega tölur um hversu margir ferðast með félaginu.

Vefsíðan Túristi segir að WOW air birti sjaldan sínar tölur og því hafi ekki verið hægt að sjá hvernig hlutdeild erlendu félaganna í farþegafjöldanum hafi breyst yfir hásumarið.

Forsvarsmenn WOW air hafi þó sagt að í júlí síðastliðnum hefðu um 73 þúsund farþegar flogið með félaginu og það væri nýtt met. Tölur fyrir júlí í fyrra hafa þó ekki verið gefnar upp hjá félaginu.

Þegar Iceland Express setti sitt farþegamet í júlí



MIKID ANNRÍKI Sautján erlend flugfélög buðu upp á áætlunarflug frá Keflavík í síðasta mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

2011 voru 24 prósent farþega í Flugstöð Leifs Eiríkssonar á vegum fyrirtækisins. Í síðasta mánuði voru hins vegar rúmlega 13 prósent farþeganna í Keflavík á leið í eða úr vélum WOW air. -gfp

Við skutlum Júlíu heim

Birtingur treystir okkur fyrir öruggri dreifingu á Júlíu


Póstdreifing



NÚ ERU INNKAUPALISTAR GRUNNSKÓLANNA KOMNIR Á HEIMKAUP.IS




Veldu þinn skóla á
heimkaup.is og kláraðu
dæmið á 5 mínútum 😊



EINFALT OG ÞÆGILEGT HEIMADÆMI SEM ALLIR GETA LEYST

- 1** SMELTU Á
„SKÓLAR“ Á
HEIMKAUP.IS
- 2** FINNDU
RÉTTAN
SKÓLA OG
BEKK
- 3** ÞÚ PANTAR
VIÐ SENDUM
SAMDÆGURS



SENDUM FRÍTT HEIM STRAX Í KVÖLD

*Innan höfuðborgarsvæðisins.

Frí heimsending hvert á land sem er.
*Sjá nánar um sendingarmöguleika og skilmála um heimsendingar
á heimasíðunni, www.heimkaup.is

Vegum lokað á hálendinu af ótta við að eldgos hefjist í Bárðarbungu

Veðurstofa Íslands telur líkur á gosi í Bárðarbungu innan skamms. Ákveðið hefur verið að takmarka umferð ferðamanna á svæðinu fyrir norðan Vatnajökul. Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Icelandair, segir að grannt sé fylgst með þróuninni.

Jóhanna Margrét Einarsdóttir
jme@frettabladid.is



NÁTTÚRA Veðurstofa Íslands telur líkur á gosi í Bárðarbungu í Vatnajökli, eða þar í grennd, á næstunni.

Veðurstofan hefur aukið vöktun á svæðinu. Flogið var með jarðskjálftamæla upp á jökul í gær sem sendir Veðurstofunni gögn í rauntíma og grannt er fylgst með vatnsrennsli í Jökulsá á Fjöllum, við Urptýppinga.

Auk þess er fylgst með svæðinu í gegnum vefmyndavél.

GPS-mælingar á jöklinum sýndu rúmálsbreytingar í gær.

„Við teljum að kvika sé að brjóta sér leið upp í jarðskorpuna,“ segir Kristín Jónsdóttir, fagstjóri jarðskjálftavár Veðurstofunnar.

Flestir skjálftarnir í jöklinum í gær mældust í tveimur þyrpingum, norðan og austan við Bárðarbungu, og Kristín segir það benda til þess kvika sé að brjóta sér leið upp á tveimur stöðum.

Afleiðingar goss á þessum slóðum fara eftir því hvar gosið verður.

„Ef gýs þar sem jökullinn er þykkastur, í öskjunni sjálfri, þar sem þykkt jökulsins er um 800 metrar gæti orðið mikið öskugos og mikið vatn myndi leysast úr læðingi,“ segir Kristín og útskýrir að þegar goskvika kemst í snertingu við vatn, tæstist hún í sundur og verði að ösku.

Kristín segir að gjósi þar sem þykkt jökulsins er um hundrad metrar yrðu afleiðingar allt aðrar og minni.

„Það gæti líka gosið utan við jökullinn á Dyngjuhálsi. Ef gýsi þar værum við að horfa upp á gos svipað því sem var á Fimmvörðuhálsi eða í Kröflu,“ segir Kristín og bætir við að ef gýsi utan jökulsins yrði það nokkuð hefðbundið gos á sprungu, hraun myndi renna frá henni en það yrði ekki öskugos eins og gerist þegar gýs undir jökli.

Ef að gýs undir jökli, getur skapast mikil flóðahætta. Matthew J. Roberts, verkefnisstjóri vatnavárefirlits á Veðurstofunni, segir eins og Kristín að flóðahættan taki mið af því hvar myndi gjósa. Hann segir líklegast að flóð kæmi í Jökulsá á Fjöllum, það væri líklegra en að flóð kæmu í árnar að Fjallabaki.

Matthew segir að frá því að gos hæfist og þangað til flóð kæmi í árnar myndu líða nokkrir klukkutímar. Hversu langur tími myndi líða færi eftir því hvar gosið kæmi upp.

Aðgerðarstjórn Almannavarna á Húsavík var að störfum í gær. Þar var ákveðið að loka Gæsavatnaleið, Dyngjufjallaleið og vegaslóðum sem liggja að Herðubreiðarlindum.


„Við teljum okkur hafa ágæta yfirsýn yfir hversu margir eru í skálum á svæðinu en teljum nauðsynlegt að takmarka umferð inn á svæðið næstu daga,“ segir Svavar Pálsson sýslumaður á Húsavík.

Ef ná þarf sambandi við ferðamenn hafa



SÉRFRÆÐINGAR FUNDA Vísindaráð Almannavarna hefur komið reglulega saman um helgina til þess að fara yfir stöðuna. Flogið var að skjálftasvæðinu í gær til að setja þar niður mælitæki til þess að hægt væri að gera ítarlegri mælingar.

HÉR HEFUR JÖRÐ SKOLFÍÐ UM HELGINA



Almannavarnir nokkrar leiðir til þess. Ein þeirra er að senda SMS skilaboð á alla þá sem eru innan skilgreinds hættusvæðis.

Þá fá ferðamenn sem leita á upplýsingamiðstöðvar fyrir ferðamenn um land allt upplýsingar um að hættuástand geti verið í aðsigi.

Á vef Veðurstofunnar hefur eldstöðin á Bárðarbungu verið gulmerkt. Það þýðir að eldstöðin sýni merki um óvenjumikinn óróa og aukna virkni. Ef eldstöðin er merkt

með appelsínugulu er talið að búast megi við eldgos.

Eins og menn muna fór flug víða um heim úr skorðum þegar gaus í Eyjafjallajökli.

Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Icelandair, segir að hann viti ekki til þess að erlend flugfélög hafi spurt um yfirvofandi hættu á eldgos í Vatnajökli.

„Okkar menn eru í sambandi við vísindasamfélagið og fylgjast grannt með stöðu mála,“ segir Guðjón.

→ Bedið eftir að gjósi á Bárðarbungu

Bárðarbunga í Vatnajökli er stór og öflug megineldstöð. Á vefnum eldgos.is kemur fram að eldstöðin í Bárðarbungu sé talin vera nálega 200 kílómetra löng og allt að 25 kílómetra breið. Eldstöðin er hulin ís og í henni leynist stór jökulfullt askja, sem er um 70 ferkílómetrar að stærð, allt að 10 kílómetra breið og um 700 metrar á dýpt.

Bárðarbungueldstöðin er sérstök að því leyti að þar verða alloft miklar rek- og goshrinur utan jökulsins til suðvesturs inn á hálendinu milli Vatnajökuls og Mýrdalsjökuls eða til norðausturs í átt að Dyngjufjöllum. Stærstu gosin virðast verða þegar kvikan hleypur til suðvesturs. Á nútíma hafa þessar öflugu goshrinur orðið í kerfinu á um 250-600 ára fresti. Mörg nokkuð mikil forsöguleg gos hafa orðið suðvestan jökulsins og tvö eftir landnám, Vatnaöldugosið um 870 og Veiðivatnagosið 1480. Bæði voru þetta stórgos sem hefðu mikil áhrif kæmu þau upp í dag.

Á eldgos.is kemur einnig fram að oft gjósi norðaustan við Bárðarbungu á jökullausu svæði þar sem heitir Dyngjuháls. Þau gos virðast þó að jafnaði minni en þegar kvikan hleypur til suðvesturs. Síðast gekk slík hrina yfir á árunum 1862-4. Þá hefur komið í ljós í gjóskulagarannsóknum að allmörg gos hafa orðið í jöklinum sjálfum, væntanlega í eða norðaustur af öskjunni í Bárðarbungu.

Voltaren
Dolo 25 mg
Diclofenac, kal.

Voltaren
11,6 mg/gj Hlaup

20% afsláttur

Fæst án lyfseðils. Lesið leiðbeiningar í fylgiseðli vandlega fyrir notkun.

Lyf & heilsa
við hlustum!

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi

Alicante 28°	Friedrichshafen 22°	New York 27°
Apéna 29°	Gautaborg 18°	Orlando 33°
Basel 25°	Kaupmannahöfn 18°	Ósló 18°
Berlín 19°	Las Palmas 26°	París 21°
Billund 17°	London 19°	San Francisco 20°
Frankfurt 20°	Mallorca 27°	Stokkhólmur 19°

Á MORGUN
Hægviðri og víða bjart, einkum inn til landsins.

MÍÐVIKUDAGUR
Hvessir heldur er líður á daginn.

SÍÐSUMARBLÍÐA Í dag verður yfirleitt hægviðri og bjart með köflum en skýjað og stöku skúrir NA-til. Á morgun lítur út fyrir enn hægari vind og meiri sól en á miðvikudaginn hvessir heldur er líður á daginn og dregur fyrir sólu norðan til.

Soffía Sveinsdóttir
veðurfréttamaður

AUGLÝSINGAEILDIR FRÉTTABLAÐSINS - AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hjördis Zoega hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrir@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is FÓLK/LÍFID/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolbeins@365.is, FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNÍ: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is PIJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrun@365.is

Ertu að leita
upplýsinga?
www.suzuki.is



Way of Life!

SWIFT

...eins og tónlistin - veitir ánægju
og gleði inn í lífið á hverjum degi.



SUZUKI SWIFT GL, GLX, 4X4
Frá 2.550 þús. Eyðsla frá 5,0L/100km (blönduðum akstri, bensín,
beinskiptur) CO₂ 116g/km



Græn sifar / Reyklavík
Visthæfur bíll

FYRIR SKYNSAMT
FÓLK



TRAUST UMBOÐ
Í YFIR 40 ÁR

SUZUKI

SUZUKI BÍLAR HF • SKEIFUNNI 17 • SÍMI 568 5100 • WWW.SUZUKI.IS

VEISTU SVARID?



1. Hvaða sýkingu varaði forsætisráðherra við ef verndartollum á innfluttum landbúnaðarafurðum yrði aflétt?
2. Hvað heitir íslenska fyrirsætan sem prýðir forsiðu nýjasta tölublaðs portúgalska Elle?
3. Hvern skipaði Bjarni Benediktsson seðlabankastjóra á dögunum?

SVÖR
1. Bogfrýmyllissótt. 2. Svæla Lind.
3. M.Á. Guðmundsson.

Bæjarstjóri Ísafjarðar segir hraustleikamerki á atvinnumarkaðnum en hin ýmsu störf eru auglýst:

Hvetur borgarbúa til að flytja vestur

ATVINNUMÁL „Atvinnumarkaðurinn er líflegur og óhætt að hvetja fólk, til dæmis á höfuðborgarsvæðinu, til að flytjast til Ísafjarðarbæjar og ráða sig til starfa,“ segir Gísli Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, í samtali við Fréttablaðið.

Næg vinna sé í boði fyrir fólk af báðum kynjum. „Miklar líkur eru á að makinn fái þá einnig vinnu fljótlega, ef ekki strax,“ bætir hann við.

Hann telur upp sextán stöður sem verið er að reyna að fylla fyrir vestan og eru þær af fjölbreyttara taginu.

Hann segir einnig bjart fram undan. „Fiskeldi er í örum vexti,“ segir hann. „Umsóknir

fyrir 11.000 tonna eldi í Ísafjarðardjúpi liggja nú þegar fyrir og nokkur þúsund tonn til viðbótar annars staðar í sveitarfélaginu.

Svo eru miklir möguleikar í ferðaþjónustunni. Farþegar af skipum eru nú um 50.000 á sumri og hefur farið hratt fjölgandi, þeir eru tiltölulega lítt snert gullnáma fyrir þá sem eru frjóir og hugmyndaþríkir. Vöxtur í annarri ferðaþjónustu er líka mikill.“

Það er því útlit fyrir að viðsnúningur verði á fólksfækkuninni í sveitarfélaginu en hún hefur verið stöðug síðasta áratuginn. Íbúar eru nú 3.639 í sveitarfélaginu.

- jse



FRÁ ÍSAFIRÐI Makinn myndi líklegast ekki lengi arka strætin á Ísafirði, segir bæjarstjóri, sem hvetur fólk til að ráða sig vestur.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR



HÁTÍÐ Í BANGLADESS Ungir sem aldnir fögnuðu fæðingu Krishna í gær. Þessi kona klæddi sig upp í líki guðsins.

NORDICPHOTOS/AFP

Ungir sem aldnir tóku þátt í Janmashtami-hátíð hindúa:

Fæðingu Krishna var fagnað

Ung kona frá Bangladesh, klædd eins og Krishna, tók þátt í fögnuði vegna hátíðar sem nefnist Janmashtami í höfuðborginni Dakka í gær. Hindúar halda Janmashtami-hátíðina til þess að fagna fæðingu guðsins Krishna.

- jhh



ÖL Sex innlendir bjórrframleiðendur selja samanlagt yfir 25 mismunandi tegundir af bjór til útlanda.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

LOTTÓPOTTURINN

Sjöfaldur næst

Potturinn í Lottóinu í næstu viku gæti farið upp í 75-80 milljónir króna. Hann gekk ekki út á laugardaginn, þar sem enginn var með allar tölur réttar í útdrætti vikunnar. Hann verður því sjöfaldur næsta laugardag. Fjórir voru með bónusvinninginn og fær hver þeirra 161.410 krónur í sinn hlut. Lottópotturinn hefur hæst farið í um 130 milljónir króna.

VIÐSKIPTI

Gore telur sig svikinn

Al Gore, fyrrverandi varaforseti Bandaríkjanna, hefur stefnt Al Jazeera-sjónvarpsstöðinni í Bandaríkjunum. Ástæðan er sú að Al Gore seldi Al Jazeera sjónvarpsstöð í fyrra.

Nú hefur Al Jazeera selt sjónvarpsstöðina aftur. Gore telur að það brjóti í bága við skilmála sem gerðir voru þegar hann seldi stöðina.

Útflutningur áfengis tvöfaldast frá 2012

Sala á íslenskum bjór til útlanda hefur meira en fimmfaldast á tveimur árum. Útflutningur á brennivíni hefur þrettánfaldast en varan fór fyrir á árinu í sölu í Bandaríkjunum. Hefur meira en tvöfaldast þegar allar tegundir eru skoðaðar.

VIÐSKIPTI Útflutningur á áfengi hefur meira en tvöfaldast á tveimur árum sem má helst rekja til meiri sölu á bjór, brennivíni, gini og vodka til útlanda.

Rúm 764 tonn af áfengi voru flutt út á fyrstu sex mánuðum þessa árs en 334 tonn á fyrri helmingi 2012, samkvæmt tölum Hagstofu Íslands, sem gefur magnið eingöngu upp í tonnum. Verðmæti útflutningsins jókst úr 74 milljónum króna í 161 milljón. Á fyrstu sex mánuðum 2014 fór mest til Bretlands, um 369 tonn, og 265 tonn enduðu í Bandaríkjunum.

Samanburðurinn sýnir að sala á bjór til útlanda hefur meira en fimmfaldast. Á fyrri helmingi þessa árs fóru tæp 419 tonn út en 77 tonn á tímabilinu frá janúar til loka júní 2012. Um 7,6 tonn af brennivíni

voru flutt út á fyrstu sex mánuðum ársins en 562 kíló árið 2012.

Óli Rúnar Jónsson, útflutningsstjóri Ölgerðarinnar, segir eftirspurn eftir íslenskum bjór vera vaxandi. Um tvö ár séu síðan fyrirtækið hóf að leggja aukna áherslu á útflutning.

„Brennivínið hefur farið til Færeyja í mörg ár og það hefur alltaf verið einhver minni háttar útflutningur til svæða eins og Manitoba í Kanada. Nú er varan hins vegar komin inn í áfengisverslun sænska ríkisins sem er allavega annar af tveimur stærstu áfengiskaupendum í heimi. Frá síðustu áramótum hefur það einnig verið fánlegt í Bandaríkjunum og við erum að fara að detta inn á fleiri staði í Kanada,“ segir Óli.

Tæp 22 tonn af gini fóru héðan

→ Útflutningur á áfengi í tonnum fyrstu sex mánuði ársins

2012 334
2013 747
2014 764

á fyrri helmingi 2012 en rúm 40 tonn á fyrstu sex mánuðum 2014. Fyrirtækið Eimverk Distillery hóf útflutning á gini í maí síðastliðnum. Egill Gauti Þorkelsson, einn af eigendum fyrirtækisins, segir að varan sé nú fánleg í sjö löndum.

„Mikið af okkar vörum fer utan og við erum að byggja upp dreifingarnet sem nær um allan heim og það er hægt og bitandi að stækka.“

haraldur@frettabladid.is



GRUNNSKÓLAR REYKJAVÍKUR SKÓLASETNING HAUSTIÐ 2014

Grunnskólar Reykjavíkur verða settir föstudaginn 22. ágúst. Nánari upplýsingar um hvenær nemendur í 2. – 10. bekk eiga að mæta svo og 1. bekkingar eru á heimasíðum skólanna. Þar má einnig sjá hvenær almenn kennsla hefst og innkaupalista. Einnig er hægt að fá upplýsingar hjá skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar í síma 411 1111, 411 7007 og á www.skolarogfristund.is. Á sömu vefslóð eru upplýsingar um frístundaheimili fyrir 6 - 9 ára börn, félagsmiðstöðvar fyrir 10 - 16 ára og skólahljómsveitir.



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Rannsóknarblaðamaðurinn John Pilger mætir á RIFF kvikmyndahátíðina:

Ræðir um fjölmiðla og stríð

MENNING Rannsóknarblaðamaðurinn John Pilger kemur til Íslands í september og verður á RIFF, Alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Reykjavík. Pilger hefur unnið hátt í 60 heimildarmyndir á ferli sínum, að því er fram kemur í tilkynningu frá RIFF. Sú þekktasta er líklega myndin Þögla uppreisnin, sem heitir The Quiet Mutiny upp á ensku, en sú mynd breytti algjörlega viðhorfi Bandaríkjamanna til Vietnamstríðsins á sjöunda áratugnum.

Pilger verður meðal annars á málþingi RIFF sem ber yfirtitilinn „Stríð og friður“. Þar mun hann fara yfir flókið samspil fjölmiðla og stríðsreksturs.

Ásamt Pilger kemur leikstjórinn og blaðakonan Suha Arraf. Hún er palestínsk að uppruna en er búsett í Ísrael. Hún hefur meðal annars fjallað mikið um Hamas-liða í Palestínu auk þess sem hún gerði heimildarmyndina Konurnar í Hamas árið 2010.

- jhh



JOHN PILGER Ein þekktasta mynd rannsóknarblaðamannsins er Þögla uppreisnin.

AÐSEND MYND

Til hamingju KR!

Við óskum KR til hamingju með Borgunarbikarinn 2014.

Borgun styður íslenska knattspyrnu og er stoltur bakhjarl Borgunarbikarsins.



BORGUN



Ármúla 30 | 108 Reykjavík | Sími 560 1600 | www.borgun.is



ELTINGALEIKUR Kollan veitir kríuunganum eftirför.

MYND/ELMA BEN



HART BARIST Æðarkollan hefur hér náð utan um höfuð kríuungans, sem slapp þó að lokum. MYND/ELMA BEN



UPPSÖFNUÐ REIÐI Æðarfuglar eiga ekkert sökótt við kríur, en hafa óbeit á mávum.

MYND/ELMA BEN



REYNIR AÐ DREKKJA Ólafur segir æðarkollur oft beita svipaðri tækni gegn mávum sem herja á andarunga. MYND/ELMA BEN

Æðarkolla reyndi að drekkja kríu

Fullorðin æðarkolla gerði tilraun til að drekkja kríuunga í Kollafirði á dögnum. Fuglafræðingur segir slíka atburði vera mjög sjaldgæfa.

DÝRALÍF „Hún var alveg snar,“ segir Elma Rún Benediktsdóttir áhugaljósmyndari um æðarkolluna sem hún festi á filmu í Kollafirði nú á dögnum. Æðarkollan gerði atlögu að kríuunga sem var þar á sveimi og reyndi

að drekkja honum.

Ólafur K. Nielsen, fuglafræðingur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands, segist ekki þekkja dæmi um að æðarfuglar ráðist gegn kríum á þennan hátt. Hins vegar ráð-

ist þeir stundum gegn mávum, sem drepa unga æðarfugla, og nái jafnvel að drekkja þeim.

„Æðarfuglar eiga ekkert sökótt við kríur,“ segir Ólafur. „Þetta er einhvers

konar uppsöfnuð reiði sem brýst út þegar hún fær færi á einhverju sem líkist mávi. Þótt krían sé miklu minni en mávar er þetta skyldur fugl og sköpulagið kannski ekkert ósvipað.“

bjarkia@frettabladid.is

www.volkswagen.is

Aukabúnaður á mynd: Samlit horafföng, sólbak, þokuljós, listar á hurðum, króm á speglum.



Eyðsla frá 4,11/100 km

Volkswagen up!

Meistari í sparsemi

Samkvæmt könnun breska bílablaðsins Autoexpress er enginn bíll ódýrari í rekstri en Volkswagen up! Með Volkswagen up! hafa jafnframt verið sett ný viðmið í hönnun því hann er einstaklega nettur að utan en afar rúmgóður að innan.

Volkswagen Take up! kostar

1.990.000 kr.



Das Auto.

Komdu og reynsluaktu Volkswagen up!

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Umboðsmenn: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

MÖPPUMARKAÐUR Í LAUGARDALSHÖLL!



HRINGJAMAPPA
2 HRINGIR
999 kr



VERÐLISTAMAPPA
A3 LARÉTT
1.799 kr

TILBOÐ
VERÐ ÁÐUR:
2.459 KR



BRÉFABINDI
80MM KJÖLUR
499 kr

TILBOÐ
VERÐ ÁÐUR:
699 KR



TEYGJUMAPPA
899 kr



TEYGJUMAPPA
HELLO KITTY
699 kr



TEYGJUMAPPA
499 kr

VERÐLISTAMAPPA
A4
1.199 kr

TILBOÐ
VERÐ ÁÐUR:
1.609 KR



VERÐLISTAMAPPA
A5
569 kr

TILBOÐ
VERÐ ÁÐUR:
759 KR



BRÉFABINDI
HELLO KITTY
499 kr

TILBOÐ
VERÐ ÁÐUR:
699 KR



PLASTMAPPA
GLÆR FORSÍÐA
9 LITIR
89 kr

TILBOÐ
VERÐ ÁÐUR:
119 KR



BRÉFABINDI
SVART 70MM
399 kr

TILBOÐ
VERÐ ÁÐUR:
899 KR




TEYGJUMAPPA
ÚR PAPPA
299 kr

TILBOÐ
VERÐ ÁÐUR:
379 KR



PLASTMAPPA
GLÆR FORSÍÐA
4 LITIR
39 kr

TILBOÐ
VERÐ ÁÐUR:
99 KR



MAPPA MEÐ
FORSÍÐUVASA
899 kr

TILBOÐ
VERÐ ÁÐUR:
1.019 KR



GRIFFILL SKÓLAMARKAÐUR!

LAUGARDALSHÖLL

GRIFFILL SÍMI: 533-1010
WWW.GRIFFILL.IS
LAUGARDALSHÖLL

OPNUNARTÍMAR:
MÁN - FÖSTUD 10 - 22
LAUGARDAGUR 11 - 22
SUNNUDAGUR 13 - 22



Kosið milli tveggja í Seljasókn: Yfirburðasigur Ólafs Jóhanns

TRÚMÁL Ólafur Jóhann Borgþórsson fékk tæplega 97% atkvæða í kosningum til sóknarprests í Seljakirkju en kosið var á laugar-dag.



ÓLAFUR JÓHANN BORGÞÓRSSON

Kosið var á milli tveggja umsækjenda, þeirra Fritz Más Berndsen Jörgenssonar guðfræðings og sr. Ólafs Jóhanns Borgþórssonar. Á kjörskrá voru 4.428 en alls kusu 1.792, þar af 635 utan kjörfundar.

Niðurstöður kosninganna urðu þær að séra Ólafur Jóhann hlaut 1.722 atkvæði og Fritz Már Berndsen Jörgensson hlaut 56 atkvæði.

- jme

Söguleg skuldastaða:

Milljarðs evra skuld Spánverja

SPÁNN Skuldir spænska ríkisins fóru yfir milljarð evra markíð í júní síðastliðnum. Spænski ríkisbankinn gerði þetta heyrinkunnugt í gær eftir því sem fram kemur á fréttavef El País.

Aðeins tvö prósent vantar upp á að skuldirnar nái að dekkja verga landsframleiðslu.

Kreppan hefur leikið spænskan efnahag grátt en þegar hún skall á árið 2008 námu skuldirnar tæpum 400 milljörðum evra og voru aðeins 36 prósent af landsframleiðslu.

- jse



BREYTINGAR Í FARVATNINU MR stefnir að því að bjóða nemendum úr níunda bekk grunnskóla að hefja nám við skólann að fengnu samþykki menntamálaráðherra.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Mótfallinn styttingu náms

MR vill fá samþykki menntamálaráðherra fyrir því að taka inn nemendur úr níunda bekk grunnskólans.

MENNTAMÁL Rektor Menntaskólans í Reykjavík (MR) er mótfallinn því að öllum framhaldsskólum landsins sé gert að stytta nám til stúdentsprófs í þrjú ár.

„Við viljum hafa kerfið opið og sveigjanlegt, að það séu ekki allir skólar steyptir í sama mót,“ segir Yngvi Pétursson, rektor MR. Rektor segir að sé unnið að nýrri fjögurra ára námskrá því skólinn stefni að því að bjóða nemendum úr níunda bekk grunnskóla að hefja nám við skólann að fengnu samþykki menntamálaráðherra.

„Við erum að vinna að því núna að fá samþykki ráðherrans,“ segir Yngvi og bendir á að MR hafi á árunum 2007 og 2008 verið með tilraunaverkefni sem fólst í að bjóða nemendum úr níunda bekk grunnskólans skólavist í MR. Þetta hafi verið nemendur sem hafi verið búnir

ad ljúka hluta af námi tíunda bekkjar og MR hafi brúað það sem upp á vantaði. „Þessum nemendum gekk undantekningalaust vel í skólanum og með þessa reynslu í farteskinu sjáum við ekkert því til fyrirstöðu nú að taka inn yngri nemendur en við gerum nú,“ segir Yngvi.

Jón Már Héðinsson, rektor Menntaskólans á Akureyri, segir skólann vera að vinna að gerð nýrrar námskrár svo hægt verði að bjóða upp á nám til stúdentsprófs á þremur árum frá og með næsta skólaári.

„Við erum að endurskoða námskrána. Það verk hófst raunar á síðasta skólaári en tafðist vegna verkfalls framhaldsskólakennara,“ segir Jón Már. Hann segir að sér lítist vel á að geta boðið upp á þriggja ára nám til stúdentsprófs í stað fjögurra.

„Þetta þarf ekki að vera snúíð. Þetta reynir fyrst og fremst á að menn hugsi út fyrir rammann,“ segir Jón Már.

Síðasti árgangurinn sem er að hefja nám í framhaldsskólum í haust kemur að stærstum hluta til með að ljúka stúdentsprófi á fjórum árum. Á næsta ári er gert ráð fyrir að flestir þeir sem innrita sig í framhaldsskóla ljúki því á þremur árum.

Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra hefur lagt mikla áherslu á styttingu náms til stúdentsprófs og raunar hefur ekki þurft ráðherraskipun því með tilkomu áfangakerfisins í framhaldsskólum hefur þeim fjölgað til muna sem ljúka námi á styttri tíma en fjórum árum. Af þeim sem inn-



YNGVI PÉTURSSON

rituðust árið 2007 í framhaldsskóla luku 23 prósent þeirra sem fóru í áfangaskóla námi á skemmri tíma en fjórum árum.

Að sögn Ólafs H. Sigurjónssonar, formanns Skólameistarafélagsins, hefur nemendum sem hafa lokið stúdentsprófi á skemmri tíma en fjórum árum farið fjölgandi.

Ólafur segir að stytting námsins kalli á breytingar á grunnskípu-lagi skólanna, áföngum til stúdentsprófs fækki en honum líst vel á fyrirhugaðar breytingar.

„Mér líst vel á að námið verði stytnt í þrjú ár. Þegar það verður orðið að veruleika þá á þeim nemendum eftir að fjölga talsvert sem útskrifast á tveimur árum,“ segir Ólafur.

johanna@frettabladid.is

www.volkswagen.is



Volkswagen Crafter á rekstrarleigu

HEKLA býður nú fyrirtækjum Volkswagen Crafter, Extreme Edition, hlaðinn aukabúnaði á **einstaklega hagstæðu mánaðargjaldi**. Greitt er fast mánaðarlegt leigugjald og bifreiðinni einfaldlega skilað í lok leigutímans.

	Millilangur háþekja	Langur háþekja
VW Crafter með Extreme Edition aukahlutapakka	5.840.637	6.039.841
Sértilboð	4.613.546	4.772.908
Rekstrarleiga	12 mán. rekstrarleiga 128.559 pr. mán.	12 mán. rekstrarleiga 131.497 pr. mán.

Öll verð eru án vsk.

Aukahlutapakki: Hraðastillir (Cruise control), gólfklæðning, hliðarklæðning, fjaðrandi, hæðarstillanlegt og upphitað bílstjórásæti með armpúðum, vélarhitari með fjarstýringu og tímastilli, rafmagnsmiðstöðvarhitari, fjarlægðaskynjarar að framan og aftan, aðgerðarstýri, rennur í flutningsrými, hliðarlýsing, díóðulýsing í flutningsrými.

Staðalbúnaður: ESP stöðugleikastýring og spólvörn, Hill Holder og tregðulæsing, ABS bremsur, rennihurð báðum megin, loftpúðar fyrir ökumann og farþega, rafstýrðir upphitaðir hliðarspeglar, fjarstýrð samlæsing, 2 sæta bekkur með geymslurými, armpúðar á bílstjórásæti, fullkomin aksturstölv, útlarp með geislasplara, 270° opnun á afturdryrum.



Atvinnubílar

TILBOÐ! AFSLÆTTIR! VERÐLÆKKUN!

SAMSUNG SETRIÐ


SPARIDAGAR



NZ64F3NM1AB

Spanhelluborð, niðurfellanlegt
Heildar afl 6.800 W
Tækjамál: 590x520x57mm

~~149.900~~ TILBOÐSVERÐ **94.900**



NZ633NCNBK

Spanhelluborð, niðurfellanlegt
Ein stór hella og ein multizon · Heildar afl 7.200 W
Tækjамál: 575x505x56 mm

~~144.900~~ TILBOÐSVERÐ **94.900**



HDC6475TG

Veggháfur, stál
Breidd: 60 cm.
Mesta sogafi: 753 m3/klst

~~179.900~~ TILBOÐSVERÐ **89.950**



NV6355DGGSSR

Bakstursofn, blástursofn
Lítrar: 70 L
Litir: Bustað stál og hvítur
Fylgihlutir: 1 skúffa, 2 bökunarplötur og 1 rist

~~176.900~~ TILBOÐSVERÐ **99.900**



BF64CCBW

Bakstursofn, blástursofn
Lítrar: 65 L
Prýstihnaðar
Fylgihlutir: 1 skúffa, 2 bökunarplötur og 1 rist

~~139.900~~ TILBOÐSVERÐ **89.900**

Allar SAMSUNG vörurnar eru á tilboði á SPARIDÖGUM



NX1000

Highly recommended
★★★★★
PhotographyBlog.com

20,3 milljón pixlar · 20-50 mm linsa fylgir
· APS-CMOS Sensor · Direct Wi-Fi · I-Function linsa
· Lokarahraði frá 1/4000 upp í 30 sek. · ISO 100-12800 · Hristivörn (DIS og OIS innbyggð) · Tekur upp 1080p (30fps) myndbönd (H.264) með hljóði

~~99.900~~ TILBOÐSVERÐ **69.900**



PS51F4505

~~189.900~~ TILBOÐSVERÐ **149.900**



UE55H6475SU

~~239.900~~ TILBOÐSVERÐ **199.900**

~~329.900~~ TILBOÐSVERÐ **279.900**

~~649.900~~ TILBOÐSVERÐ **549.900**

· LED 3D Smart TV
· Sería: 6470
· Upplausn: 1920 x 1080
· Clear Motion Rate 400Hz
· Netvafrí: Já
· Örgjörvi: Quad Core
· USB Movie: Já
· Sjónvarpsmóttakari: Stafrænn DVB-T / C x1, Gervihnatta x1, Analog x1

Hágæða hljómflutningstæki

25% afsláttur



Bluetooth

SAMSUNG

Úrval Samsung kæli- og frystiskápa á Sparidaga verði.
Dæmi: 178 cm hár hvítur skápur = Kr. 136.900
á Sparidögum: **99.900**



Treystu Samsung til að framleiða afburða uppþvottavélar. Verð frá kr. 142.900

á Sparidögum: **119.900**

SAMSUNG SETRIÐ

SAMSUNG-SETRID ER HLUTI AF ORMSSON EHF.

ORMSSON

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900 · samsungsetrid.is

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is

ORMSSON
KEFLAVÍK
SÍMI 421 1535

ORMSSON
PRISTUR-ISAFIRÐI
SÍMI 456 4751

KS
SAUDÁRKRÓKI
SÍMI 455 4500

SR · BYGG
SIGLUFIRÐI
SÍMI 467 1559

ORMSSON
AKUREYRI
SÍMI 461 5000

ORMSSON
HÚSAVÍK
SÍMI 464 1515

ORMSSON
VÍK-EGILSSTÖÐUM
SÍMI 471 2038

ORMSSON
PAN-NESKAUPSTAÐ
SÍMI 477 1900

ORMSSON
ÁRVIRKINN-SELFOSSI
SÍMI 480 1160

GEISLI
VESTMANNAEYJUM
SÍMI 481 3333

Fórnarlömbum nauðgana vísað frá:

„Þetta reddast“

Því miður er þetta enn ein skoðanagreinin um þá staðreynd að við stöndum okkur ekki nógu vel sem samfélag þegar kemur að kynferðisofbeldi. Í frétt í blaðinu í dag segjum við frá því að dæmi eru um að fórnarlömbum nauðgana hafi verið vísað frá neyðarmóttöku fyrir þolendur kynferðisofbeldis af því að það fannst enginn læknir til að sinna þeim.

„Þetta er alls ekki nógu gott,“ segir Gunnhildur Pétursdóttir en hún sinnir réttargæslu fyrir fórnarlömb kynferðisofbeldis og þurfti að horfa upp á það að skjólstaðingur hennar var sendur heim („Hún var orðin örþreytt. Þetta er rosalegt álag á brotþola.“). Gunnhildur heldur áfram og segir

það ótrúlegt en satt að „þetta reddist“ yfirleitt og að það sé ekki mjög algengt að fórnarlömb nauðgana séu send heim frá neyðarmóttöku vegna læknaskorts.

Gunnhildur segir að best væri að læknir væri alltaf á vakt, allan sólarhringinn, til að taka á móti fórnarlömbum. Síni geta jú glatast og allar svona tafir geta haft skelfilegar afleiðingar fyrir einstakling sem nýbúið er að nauðga. Viðkomandi geta fallist hendur og hún eða hann hreinlega hætt við að klára rannsókn.

Eyrún Jónsdóttir er hjúkrunarfræðingur og verkefnastjóri neyðarmóttökunnar. Hún tekur undir með Gunnhildi og segir að þetta geti verið erfitt fyrir þolendur, að vera sendir heim vegna læknaskorts, en læknarnir sem sinna þessu starfi starfa víst ekki innan spítalans heldur „á sínum stofum úti í bæ. Þeir eru með fullbókada dagskrá hjá sér alla daga því það er ekki vitað hvenær svona mál koma inn.“ En hér er auðvitað hvorki við Eyrúna að sakast né Gunnhildi eða læknana heldur þetta kerfi sem við búum við.

Við búum við kerfi sem sleppir nauðgurum. Að meðaltali kemur rúmlega eitt kynferðisbrotamál á dag inn á borð lögreglu. Allt árið um kring. Þetta eru um fjögur hundruð og fimmtíu mál á ári samkvæmt úttekt Fréttablaðsins á sínum tíma. Aðeins er ákært í rúmlega tuttugu af þessum málum (að meðaltali). Varla fjórtán af þeim málum sem enda með ákæru enda með sakfellingu fyrir dómstólum. Sönnunarbyrðin er erfið og oft er þetta orð gegn orði og svo framvegis. Eða svo er okkur sagt.

En er ekki bara miklu líklegra að þetta sé alls ekki svona einfalt og að frétt Fréttablaðsins í dag varpi ljósi á stóra vandamálið? Sem er einfaldlega að við tökum þessi mál ekki nógu alvarlega. Það kemur fyrir að fórnarlömbum nauðgana er hreinlega vísað frá og þau beðin um að koma aftur síðar þegar náðst hefur í lækni til að sinna þeim.

Nú vitum við í augnablikinu ekki hver fer með dómsmálin í landinu en við vitum hver er heilbrigðisráðherra og hann ætti að kippa þessu í liðinn. Strax. Þetta reddast ekki nema við lögum það.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Þráinsson
 ÚTGEFANDI: Kristín Þorsteinsdóttir RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is
 Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

LIEBHERR
Quality, Design and Innovation

25% afsláttur

EIRVÍK
Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Unga áhugalaua fólkið

Björn Bjarnason var á fésbókarsíðu sinni með eftirtækta verða túlkun á niðurstöðum könnunar Reykjavíkurborgar um kosningaþátttöku. Niðurstöðurnar ungs fólks. „Rannsóknir sýna að seta Jóns Gnarr í stóli borgarstjóra og Jóhönnu Sigurðardóttur í stóli forsætisráðherra fæli ungt fólk frá kjörstað. Þarf það að koma á óvart?“ spurði Björn. Einhvern veginn komust þau Jóhanna og Jón í þau embætti sem þau gegndu. Og sjálfsagt hefur Jóhanna komist í forsætisráðherra-stól fyrir tilstilli eldri kjósenda, en ekki unga fólksins. En ætli það hafi ekki verið yngri kjósendur sem sáu Fóstbræður, Vaktarsériurnar og fleiri verk Jóns Gnarr

og flykkust til að veita Jóni brautar-gengi í stól borgarstjóra fyrir fjórum árum? Hinir sömu sáu ekki ástæðu til að mæta núna.

Fyndinn forsætisráðherra

Talandi um fyndna stjórnmálamenn. Svör Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar forsætisráðherra til Tryggva Gunnarssonar, umboðsmanns Alþingis, fyrir helgi vöktu athygli. Umboðsmaður spurði hvort ríkisstjórnin hefði sett sér siðareglur. Sigmundur svaraði því neitandi, en stjórnin starfaði eftir siðareglum fyrri ríkisstjórnar. Á móti spurði Sigmundur hvort umboðsmaður Alþingis hefði sett sér siðareglur. Kannski var þetta tilraun Sigmundar til þess að slá á léttu strengi, en

kannski er þörf fyrir hraðnámskeið í stjórnsýslurétti í Stjórnarráðshúsinu.

Ólík hlutverk

Embættismenn sem umboðsmaður Alþingis hefur gagnrýnt hafa stundum gagnrýnt umboðsmann á móti. Hafa verið í huga að það er hlutverk umboðsmanns að gera athugasemdir við embættisfærslur stjórnvalda. Það verður líka að hafa í huga að hlutverk umboðsmanns er lögbundið, ólíkt hlutverki ráðherra sem geta oft ákveðið það eftir eigin geðþótta hvaða verk-efni þeir vilja ráðast í. Þörfin fyrir siðareglur ráðherra er því meiri en þörfin fyrir siðareglur umboðsmanns.

jonhakon@frettabladid.is



HALLDÓR



Aulahrollur mennskunnar

TRÚMÁL



Bjarni Karlsson prestur

Hvað ef Ríkisútvarpið tilkynnti að frá og með 1. september yrði allri tjáningu ástar í lögum og ljóðum hætt í ljósi nútímavíð-horfa þar sem kynhneigð manna sé svo margvísleg sem raun ber vitni og fólk verði seint ásátt um stefnu og inntak ástarjátninga? Þó yrði boðin vönduð dagskrárgerð um ástina sem fyrirbæri og hún skoðuð frá mörgum sjónarhornum í meðförum fróðra aðila.

Það einkennir mannlíf hvarvetna að fólk vill hittast á torgum. Ókunnugir vilja horfast í augu, sýna sig og sjá aðra. Fjölmíðlar eru mannlífstorg. Torg auka öryggi í samskiptum ókunnugra, eru vettvangur speglunar, gagnkvæmrar þekkingar og viðurkenningar á fjölbreytileika.

Ef útvarp allra landsmanna hætti útvörpun ástarjátninga væri stofnunin að loka aðgengi að mikilvægu svæði á sínu torgi. Tjáning ástar er órjúfanlegur liður í mannlegu atferli jafnvel þótt allir viti að fá málefni hafi hærra flækjustig, heimsku-stuðul og aulahroll. Væru ástarjátningar afnumdar hjá RÚV í nafni nútímavíðhorfa þætti okkur um þöggun að ræða, skort á félagslegu innsæi og augljósa vanþekkingu á hlutverki fjölmiðils í almannaeigu. Ástarmálið er mikilvægur liður í þekkingu okkar á lífinu. -

Trúarlíf er eins og ástarlíf sammann-

→ Trúarlíf er eins og ástarlíf sammannlegt fyrirbæri þótt flækjustigið sé hátt.

legt fyrirbæri þótt flækjustigið sé hátt og heimskustuðullinn og aulahrollurinn æpandi. Við erum tegund sem leitar út fyrir sjálfa sig í bæn, mænir og vonar til himins. Við getum ekki að því gert að við þráum handanveruna og eigum í hjarta okkar einhverja von sem deyr ekki jafnvel þótt öll sund lokist og rök þrjóti. Og við sem iðkum bæn og þekkjum hvernig hún megnar að færa frið og fögnuð inn í fátánlegustu aðstæður munum halda áfram að biðja svo lengi sem hjartað höktir í brjósti okkar. Við getum ekki annað og viljum ekki annað.

Bæninni dugir ekki efnisleg umfjöllun. Veruleika hennar verður ekki sýndur sómi með vandaðri dagskrárgerð sérfræðinga. Bænin heilar og græðir að innan og jafnvel þótt hún þyki aulaleg, ómenningarleg eða heimsk þá er bænamálið mikilvægur liður í þekkingu okkar á lífinu.

Það er í þessu ljósi sem ég tel ákvörðun dagskrárstjórnenda RÚV um að hætta útvörpun morgun- og kvöldbæna vera þöggun, skort á félagslegu innsæi og vanþekkingu á hlutverki fjölmiðils í almannaeigu.

Bogfrymlavá

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur

Mér finnst það vel til fundið hjá forsætisráðherra að vekja athygli á því að við eigum að hugsa vel um það sem við látum ofan í okkur. Ekki fer á milli mála að hann hugsar miklu meira um slíka hluti en ég, sem aldrei hef svo mikið sem leitt hugann að bogfrymlavánni. Nú hefur ráðherra opnað augu okkar fyrir þeirri hættu sem okkur kann að stafa af bogfrymlinum – þessum sníkli sem einkum er sagður lifa í köttum, en mun líka að finna í einhverju kjöti sem við leggjum okkur til munns.

Kattaklukkan

Bogfrymillinn ískyggilegi, sem ég get því miður ekki með nokkru móti munað hvað heitir á alþjóðatungum, starfar eftir dularfullum leiðum og eru ekki öll kurl komin til grafar um þá starfsemi, þó að sumir vísindamenn geri sem minnst úr þessari vá. Raunar er þetta ekki veira, eins og forsætisráðherra varð á að segja, heldur sníkill, en það er auðvitað ekki aðalatriðið að þekkja muninn á slíku, og kannski bara fyrir lengra komna háskólaborgara að henda reiður á þess háttar skilsmun, en hitt hefur ráðherra þó orðið áskynja um í rannsóknnum sínum: Þetta sníkjudýr gerir fólk einkennilegt. Athyglisverðasta niðurstaða Sigmundar Davíðs af rannsóknnum hans er þó tvímæla-laust sú að sníkillinn geri heilu þjóðirnar skrýtnar – einkum þó í suðrinu – nema hvað – en Íslendingar, Norðmenn og Englendingar hafi hins vegar sloppið. Á Sigmundi er með öðrum orðum að skilja að þessar þrjár þjóðir séu ekki skrýtnar. Hann undanskildi þær sérstaklega og má þá af því ráða að aðrar Evrópuþjóðir séu meira og minna skrýtnar.

Sníkillinn er þó einkum tengdur umsvifamiklu kattahaldi og sagður leiða jafnvel til hegðunar sem á ensku hefur verið kennd við „crazy cat-lady syndrome“ eða „hina klikkuðu kattakerlingu“. Sjálfur bý ég við fjóra ketti, sem vera má að kunni að skýra ýmislegt í fari mínu, en takist mér að stilla mig um að borða úr kattadallinum vona ég að mér takist að minnsta kosti að halda yfirvofandi kattaklukkan í skefjum.

Raunar fer ýmsum sögum af kvikindinu. Sumir segja að það auki körlum kynþokka og karlmennsku því testósterón-framleiðsla þeirra aukist en sá böggull fylgir þó skammrifi að þeir

verða verri bílstjórar fyrir vikið að því er rannsóknir hafa sýnt, enda margsannað að karlar eru því verri bílstjórar sem karlmennska þeirra er meiri. Þegar farið er um göturnar í Reykjavík og fylgst með íslenskum karlbílstjórum hvarflar raunar að manni að slík testósterón-framleiðsla sé að verki, þó að kynþokkinn blasi kannski ekki við. Aðrir vísindamenn bera brigður á þetta. Og hefur svo hver nokkuð að iðja.

Þú veist ekkert hvaðan það kemur

